

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjölskyldustefnu

Landssamtökin Geðhjálp

Landssamtökin Geðhjálp fagna því að lögð hafi verið fram tillaga til þingsályktunar um fjölskyldustefnu og þakka fyrir tækifæri samtakanna til að taka þátt í mótun stefnunnar innan ráðuneytisins. Lögð er áhersla á að stefnan miði að því bæta kjör, þjónustu og réttindi barna og fullorðinna með fötlun á borð við geðfötlun ásamt því að hlúa að börnum fatlaðs fólks og barnafjölskyldum í öðrum minnihlutahópum.

Landssamtökin Geðhjálp sakna þess að í stefnunni skuli hvergi að finna sérstakt verkefni til að styðja barnafjölskyldur í minnihlutahópnum á borð við fjölskyldur barna með fötlun, t.a.m. vegna hættu á félaglegri einangrun. Þegar fjallað er um heildarhópin án þess að draga fram einstaka, viðkvæma hópa er meiri hættu en ella á því að minnihlutahópar með veika talsmenn verði útundan. Tryggja ber að börn fatlaðra foreldra gjaldi þess ekki að foreldrar þeirri séu líklegri til þess að afla sér lægri tekna, búa að fábrottnara tengslaneti og erfiðari aðstæðum til að mæta þörfum á borð við félagslegum þörfum barna sinna heldur en aðrir foreldrar. Með sama hætti er nauðsynlegt að gera átak í fræðslu til starfsmanna innan velferðarþjónustu í því skyni að draga úr fordómum gagnvart uppeldisfærni foreldra með geðfötlun.

Tillagan gerir ráð fyrir að hið opinbera tryggi hag tekjulágra fjölskyldna með ýmis konar uppbótum, t.a.m. barnatryggingu fyrir hvert barn undir 18 ára aldri og sérstökum bótum til tekjulágra foreldra framhaldsskólanema á aldrinum 18 til 20 ára til að forða brottfalli þeirra úr framhaldsskóla. Enda þótt stuðningur til tekjulágra foreldra sé allra góðra gjalda verður er vert að hafa í huga að foreldrum og börnum gæti fundist niðurlægjandi að þiggja bætur af þessu tagi. Ákjósanlegri leið til að tryggja hag tekjulágra fjölskyldna er að stuðla að því að hægt sé að lifa mannsæmandi lífi af lægstu tekjum og lífeyri í landinu. Með sama hætti er þýðingarmikið að stuðla að því að örorkulífeyrisþegar með takmarkað starfsþrek séu hvattir til þátttöku í vinnumarkaði og standi til boða hlutastörf við hæfi í því skyni að eflast og hugsanlega feta sig alfarið út á vinnumarkaðinn.

Misræmi í þjónustu opinberra aðila getur valdið fjölskyldum erfiðleikum. Geðhjálp fagnar því að til standi að samræma leyfi milli leikskóla og grunnskóla. Um leið og foreldrum er auðveldað að njóta frítíma með börnum sínum dregur samræming leyfa úr þrýstingi á foreldra að óska eftir leyfum frá störfum til að gæta barna sinna á meðan önnur börn á heimilinu stunda nám á öðru skólastigi. Minnt er á nauðsyn þess að samræming fjölskyldu- og atvinnulífs feli í sér að stuðlað sé að því að starfsmenn á vinnumarkaði eigi rétt á að taka sér vetrarfrí með börnum sínum, sbr. vetrarfrí í grunn- og framhaldsskólum landsins, sbr. aðgerð 5.3.

Síðast en ekki síst ber að tryggja börnum og foreldrum/forráðamönnum þeirra fyrsta flokks geðheilbrigðisþjónustu. Samlesað þarf tillögu að þingsályktunum um fjölskyldustefnu og tillögu um þingsályktun um geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaráætlun til að tryggja að engin verkefni á því sviði falli milli stafs og hurðar. Með sama hætti er eðlilegt að tryggja að ekki sé um tvítekningar á sömu eða svipuðum verkefnum að ræða, m.a. Er í því sambandi sérstaklega bent á verkefni 3.1 um foreldrafræðslu og verkefni 3.2 um fræðslu til starfsmanna.

Geðhjálp telur brýnt að stuðlað sé að því að gera fötluðu fólki kleift að lifa innihaldsríku fjölskyldulífi og taka þátt í samfélaginu til jafns við aðra. Huga ber sérstaklega að því að fötluð börn og börn fatlaðra foreldra fái viðhlítandi þjónustu og stuðning til að takst á við fötlun sína/annarra í fjölskyldunni og njóta hæfileika sinna.

Tillaga til þingsályktunar um fjölskyldustefnu hefur að geyma fjölmargar uppbyggilegar aðgerðir til stuðnings fjölskyldna í landinu og er mikilvægt að þeim sé fylgt eftir af sérstökum eftirlitsaðila á tímabilinu.

Fyrir hönd Geðhjálp,
Hrannar Jónsson, formaður.

